

AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Skorradalshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 30. júlí 2009 breytingu á eftirfarandi deiliskipulagi:

Frístundabyggð við Skálalæk í landi Indriðastaða, Skálalækjarás 6.

Deiliskipulag frístundabyggðar við Skálalæk í landi Indriðastaða.

Í breytingunni felst að byggingarreitur á lóðinni nr. 6 við Skálalækjarás er stækkaður til suðurs.

Indriðastaðahlíð, lóðir nr. 116 og 118.

Indriðastaðahlíð, v. lóðanna nr. 116 og 118. Í breytingunni felst að lóðirnar eru sameinaðar í eina lóð sem verður nr. 116. Engar breytingar eru gerðar á skilmálum deiliskipulagsins.

Hvammskógur neðri, Hvammskógur 25 og 27.

Hvammskógur neðri, Grenihvammur 25 og 27. Breytingin felur í sér að staðsetningu byggingarreita er breytt.

Hvammskógur neðri, Grenihvammur 9.

Hvammskógur neðri, Grenihvammur 9. Breytingin felur í sér að byggingarreitur á lóðinni er færður.

Dagverðarnes, svæði 3, lóð nr. 136.

Dagverðarnes deiliskipulag, sumarhúsalóðir 101-138, svæði 3, vegna lóðarinnar nr. 136.

Breytingin felur í sér að hámarksflatarmál húsa á lóðinni skal ekki vera meira en 91 fm og er heimilt að byggja gestahús auk frístundahúss. Leyfilegt hámarksbyggingarmagn var 60 fm.

Hálsaskógur, IV. áfangi, Refsholt 45.

Hálsaskógur, IV. áfangi, Refsholt 45. Breytingin felst í að skilmálum er breytt þannig að hámarksvegghæð breytist úr 2,50 m í 3,80 m, enda séu veggir brotnir upp og dregnir inn.

Deiliskipulagsáætlanirnar hafa hlutið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

Skorradal, 11. september 2009.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.